



Þriðjudaginn 15. september 2015 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.  
Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 20:30

**Mætt voru:** Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þorsteinn Jóhannsson, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Steinunn Hulda Magnúsdóttir, fulltrúi kennara, Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

**1. Fundarsetning:**

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá.

**2. Skólastarfið:**

**a. Húnavallaskóli:**

- i. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri fór í gegnum starf Húnavallaskóla og greindi frá því að nemendum hefði fækkað um 10 frá síðasta skólaári og eru nemendur núna 47.
- ii. Jafnframt var greint frá því að tölvuþjónusta skólans væri komin á ský sem vistað væri hjá Fjölneti, Sauðárkróki.
- iii. Ennfremur var greint frá því að oddviti, Húnavatnshrepps hefði skrifað undir þjóðarsáttmála um læsi fyrir hönd sveitarfélagsins. En Húnavallaskóli hefur unnið eftir þessari stefnu síðustu misseri með góðum árangri.
- iv. Skólastjóri fór yfir skólastarf Húnavallaskóla almennt. Skólastarf hefur farið vel af stað
  1. Miklar umræður urðu meðal annars um samræmd próf og annað það sem viðkemur skólastarfinu.

**b. Vallaból:**

- i. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá því að nemendur á Vallabóli væru 17.
- ii. Skólastjóri fór yfir starf Vallabóls almennt og gengur starfið afar vel.

stmm

B.J. E.G. KRS 17 PR PZ AS SBA.



- iii. Þórunn Ragnarsdóttir fór yfir uppbyggingu og starf þróunarverkefnisins *Mál og læsistefna*. Verkefnið gengur vel og er mikill áhugi að sinna því vel.

### 3. Starfsmannamál:

#### a. Mötuneyti:

- i. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá því að Nanna Guðmundsdóttir, matráður væri komin í veikindaleyfi og óvíst væri hvenær því myndi ljúka.
- ii. Hún er byrjuð að undirbúa að ráða í stöðu matráðs tímabundið.

#### b. Vallaból:

- i. Skólastjóri greindi frá því að hún hefði auglýst stöðu á leikskólanum og hefðu tveir sótt um starfið og var Bylgja G. Brynjólfssdóttir ráðin í starfið tímabundið.

#### c. Annað:

- i. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá því að Turid Gunnarsdóttir hefði verið ráðin í 80% starf sem stuðningsfulltrúi sem skiptist á milli leik-og grunnskóla.

### 4. Óskir um fjárveitingar til verkefna eða tækjakaupa á árinu 2016:

- a. Nefndin óskar eftir því að lögð verði áhersla á að tölvuvæða skólann sem allra fyrst
- b. Jafnframt verði keyptar spjaldtölvur fyrir nemendur Húnavallaskóla á árinu 2016.
- c. Ennfremur leggur nefndin áherslu á að tæki og áhöld verði endurnýjuð fyrir íþróttakennslu.
- d. Að auki leggur nefndin áherslu á að keyptir verði einingakubbar á Vallaból.

### 5. Önnur mál:

- a. Skólastjóri greindi frá umkvörtun vegna aksturs ungra barna með skólabifreiðum í leikskólann Vallaból. Þar sem ekki er tekið tillit til ungra barna í skipulagningu á skólaakstri.
- i. Nokkrar umræður urðu um þetta mál.
- b. Umræður urðu um fyrirkomulag á skólaakstri.
- c. Spurt var um hjartastuðtæki og íþróttaskóla fyrir leikskólabörn

SHM  
SBA.

B.F.

E.G.

KEX  
Z

H  
R

ÞZ

A



Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 22:55

  
Brynjólfur Friðriksson

  
Erla Gunnarsdóttir

  
Ingibjörg Jónsdóttir

  
Kristín Rós Sigurðardóttir

  
Þorsteinn Jóhannsson

  
Sigríður Aadnegard

  
Þórunn Ragnardóttir

  
Ingvar Björnsson

  
Einar Kristján Jónsson

  
Steinunn Hulda Magnúsdóttir